




Varðar: Silfurslétta 2 – (fsp) breyting á notkun efri hæðar í gistirými

Lögð fram fyrirspurn Jóns Hrafns Hlökkverssonar, dags. 6. desember 2023, um breytingu á notkun efri hæðar hússins á lóð nr. 2 við Silfursléttu úr skrifstofu í gistirými. Einnig eru lagðir fram uppdættir Mansard teiknistofu. dags. 26. október 2021 og 15. nóvember 2021.



Landnotkun skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag


Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Í skilmálum athafnasvæða í AR2040 segir að þau séu svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður. Íbúðir, hótél og gististaðir eru ekki heimil á athafnasvæðum í Reykjavík.

Samkvæmt AR2040 er Silfurslétta 2 á skilgreindu athafnasvæði (AT5a), þ.e. svæði þar sem er fyrst og fremst iðnaður og önnur starfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhættu í för með sér, s.s. verkstæði, gagnaver og vörugeymslur.

Deiliskipulag/Hverfissskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Esjumela, sem öðlaðist samþykkt í B-deild Stjórnartíðinda 28. október 2016.



Lóð nr. 2 við Silfursléttu.

Umsögn og niðurstaða

Fyrirspurnin snýr að breytingu á notkun efri hæðar hússins á lóð nr. 2 við Silfursléttu úr skrifstofu í gistirými.

Eins og kom fram hér að framanverðu er Silfursléttu 2 staðsett innan skilgreinds athafnasvæðis samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur. Í skilmálum um þess konar svæði segir að starfsemi í tengslum við hótél og gististaði séu ekki heimil.

Með vísan í ofangreint er tekið neikvætt í fyrirspurnina. Starfsemin samræmist ekki landnotkun í aðalskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.